

Reykjavík, 15. júní 2023

Erindi til: Íbúaráðs Miðborgar og Hlíða

Sendandi: Foreldrafélag Austurbæjarskóla

Stjórn Foreldrafélags Austurbæjarskóla óskar eftir því að lagfæringum og endurbótum á skólalóð Austurbæjarskóla verði ekki slegið á frest heldur verði staðið við það sem áætlað var og lóðin tekin í gegn.

Lóð Austurbæjarskóla er ein elsta skólalóð borgarinnar. Hún er leiksvæði barna á öllum aldri á skólatíma og eftir að skóla lýkur og því afar mikilvæg lýðheilsu barna í hverfinu. Mikil þörf er á viðhaldi og gagngerum endurbótum á lóðinni sem er farin að láta verulega á sjá.

Miðborgin sker sig úr öðrum hverfum borgarinnar þar sem hún tekur á móti miklum fjölda ferðafólks. Leið þeirra liggur gjarnan í gegnum lóðina enda er Sundhöllin til móts við skólann vinsæll áfangastaður og Hallgrímskirkja við hlið skólans.

Í gegnum lóðina liggur stígur sem oft er notaður af ferðafólki sem jafnvel álpast inn í skólann. Það er mikilvægt að loka þessari leið og minnka umgengni óviðkomandi á lóðinni.

Niðurstöður skólaþings sem fram fór í Austurbæjarskóla á síðasta skólamisseri sýna að nemendur í Austurbæjarskóla telja aðgengi inn í skólann of auðvelt, hver sem er geti gengið inn á lóðina og margir upplifa óöryggi í því samhengi. Ljóst er að þetta er frábrugðið því sem gerist og gengur hjá öðrum skólum á höfuðborgarsvæðinu.

Einnig er öryggi víða ábótavant á lóðinni og mikilvægt að taka á því.

Stjórn Foreldrafélags Austurbæjarskóla,

Aude Busson

Hanna Björk Valsdóttir

Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir

Ingunn Hreinberg Indriðadóttir

Jóhanna Símonardóttir

Margrét M Norðdahl

Sigríður Nanna Heimisdóttir

Steinunn Guðmundardóttir

Þorbjörg Jónsdóttir